

15.11.23

Mættir Hugrún, Matthildur, Ester, Ragnhildur, Dóróthea, Freydís, Jóna og Friðrik

Friðrik ræddi um skólanámskrá og starfsáætlun. Dóróthea verður áfram fulltrúi grenndarsamfélagsins tilnefnd af skólaráði.

Setja inn nýjasta eintakið af skólanámskrána inn á netið.

Kennsluáætlanir. Verður að setja inn á heimasíðu og hafa ártöl. Þetta breytist minna milli ára en verður að uppfæra. Erum að breyta svo kemur betur fram hvað er verið að kenna og hvernig er verið að kenna. Þetta verður að vera skýrt í framsetningu. Hversu mikið er nóg? Eldra form á kennsluáætlunum skýrt um hvað eigi að kenna en ekki hvernig.

Markmið og hæfni inn í Mentor og metið það.

Starfsáætlun. Gert ráð fyrir 4 fundum að lámarki. Friðrik er búin að setja niður fast 3 fundi en síðan er einn opinn fundur og hann er ekki búin að tímasetja. Ákveða efnið á næsta fundi í janúar. Dóra spyr hvort við séum búin að hlera hvað aðrir skólar eru að bjóða uppá á þessum skylda opna fundi. Friðrik sagði að það hefði ekki verið gert. Stefnt á fræðslu til foreldra um að setja mörk. Gætum við tekið símalaus skóli á opnum fundi segir Dóra, hlið nemanda, kennara, heit mál á landsvísu. Þyrfti að hafa það þegar er kominn tölvur á alla svo við sjáum hvernig þetta er að ganga í raun.

Símalaus skóli: Erum núna með símalausan skóla. Hugmynd fengin frá krökkunum. Friðrik talar um að þetta gangi vel. Kennarar segja að þetta sé að ganga ljómandi vel. Afslappaðra andrúmsloft. Dóra miðað við hvernig nemendur lýstu þessu þá slaknar á spennu. Kennarar eru sammála því. Skrekkur áhugavert atriði sem vann væri gott að sýna þeim. Þyrfti að ræða þetta við námsnefnd og fá hlið barnanna.

Tölvumál nemenda: Tölvur og ipadar sem við erum með. Stefnum að því að láta alla hafa cromebook sem þau verða að passa og bera ábyrgð. Umgengni í tölvum er ekki nægilega góð. Vonandi náum við þessu eftir áramót. Þurfum að skoða í framtíðinni skápa sem hægt er að hlaða og læsa.

Félagsráðgjafi: Réðum félagsráðgjafa í október vinna með líðan og velferð. Tilraunarverkefni. Skólaskrifstofa er í samvinnu með okkur. Það er samningur fram að áramótum, í viðtölum og fræðslu. Hittir krakka og opnir tímar hjá henni. Ragga spyr hvernig það gangi. Almennt eru nemendur ótrúlega opnir. Erum ekki með fastráðin náms- og starfsráðgjafa, höfum boðið upp á einstaklingsráðgjöf og almenna fræðslu, Úlfar námsráðgjafi kemur væntanlega í vetur eins og áður.

Skólapúlsinn. Erum með könnun í september, niðurstöður haustsins. Samkvæmt þeirri mælingu þá þarf að huga að líðan drengja sem er breyting frá sl. ári en þá leið stelpum verr í skóla og samfélaginu en drengjum. Fórum í verkefni með háskólanum sem heitir sterkari stelpur. Strákarnir okkar eru núna í haust að verða neikvæðari. Stærðfræði lengi verið, og náttúrufræði að koma betur út. Trú á eigin námsgetu, strákar að hafa minni trú. Strákarnir fara langt niður milli ára.

Lestur: Allir með lestrarmiða núna, var ekki í fyrra. Fengum góðan fyrirlestur frá Ragnheiði frá Þelamörk. Eldri krakkarnir eru ekki að nenna þessu, erfitt að fá þau til að lesa. Dóra óttast 15 mín menningu að það sé ekki hvetjandi. Gaman að vita hvað skólar eru að gera sem eru að skora hæst. Dóra hvetur okkur til að skoða hvað þessir skólar eru að gera sem eru að standa sig.

Dóra hefur áhyggjur af hraðlestrarprófunum að það sé verið að berja þá niður. Betri uppsetning í læsi er lykill því þá eru þau bara á ákveðnu stigi ekki að skoða kúrfu. Dóra hefur áhyggjur á því að þetta

berji frekar drengina niður. Þarna voru allir sammála. Nem verði að hafa það á hreinu að lesturinn segi ekki allt með hvernig námsmaður þú ert, þú þarft að hafa lengri tíma.

Freydís, rýnum við vel í Skólapúlsinn? Friðrik segir að við rennum yfir þetta, miðstöð skólaþróunar hefur líka aðgang að þessu og er í samtali við okkur.

Önnur mál: Hefur orðið meiri umræða um morgunmat í skólanum spyr Hugga. Friðrik já í fræðsluráði var ákveðið að það yrði gerð tilraun næsta vor í 4-6 vikur. Fjölbreyttur morgunmatur. Hægt að vera í áskrift. Þessi hugmynd kemur upp reglulega, kemur frá sjálfstæðismönnum. Vandamálið er að við höfum ekki mannskap né aðstöðu. Því þarf allt að koma klárt og fara með allt, þeir vinna í þessu að hluta og við að hluta. Það á eftir að útfæra peningahliðina. Friðrik hefur líka bent á að kæmi betur út að bjóða upp á heitan mat 5 daga vikunnar og greiða þann mat niður.

Annað rætt í fræðsluráði upphaf skóladags. Umræða sem á eftir að fara í kennarahópinn. 15 mín rætt hér sem passlegt en klst. dálítið mikil breyting. Dóra nefnir að það hafi ekki alltaf verið byrjað kl.: 8 í þessum skóla.

Dóra, hvað með bjölluna er enginn umræða. Friðrik bara hringt inn í tíma, spurning að skipta út hringingunni.

Ef eru mál eða eitthvað sem er má alltaf heyra í okkur.

Sérkennslustefna/þjónusta við börn með sérþarfir tvö skjöl sem eru eins á heimasíðu, taka það út.

Ekki gert grein fyrir sérkennurum en gert grein fyrir iðjuþjálfra og þroskaþjálfra, laga það.

Næsti fundur 24. Janúar kl.: 15-16.

Fundargerð

Skólaráð

Dags.:	7.2.2024
Þátttakendur:	Friðrik, Hugga, Ragga, Dóra, Matta, Ester, Heiðrún Villa (varamaður fyrir Freydísi), Kristján, Óskar og Hjördís Jóna.
Mættir:	Friðrik, Hugga, Ragga, Dóra, Matta, Heiðrún, Kristján, Óskar. Ester boðaði forföll
Fundarstjóri:	Friðrik
Fundaritari:	Hjördís Jóna

Fundarefni	Áb.
Dagskrá 1. Menntastefna, breyttir starfs- og kennsluhættir 2. Kynning á fjárhagsáætlun 3. Virkja fleiri foreldra í foreldrastafi 4. Morgunmatur í grunnskóla 5. Upphaf skóladags 6. Kynning á innra mati skólans, Bravo Lesson 7. Önnur mál	
1. Menntastefnan Samþykkt í fræðsluráði að gera úttekt á grunn- og leikskólum. Skoða stöðugildi og tengsl við menntastefnu. Þau búin að koma og við kynnum á næsta skólaráðsfundi. 3 kenn kerfi. Ekki rætt. Flippið. Samþættingin. Kristján, Óskir segja að nemendur aðeins sáttari, ekki bara lotur í öllu, fjölbreyttara. Blanda öllu saman. Byrjaði aðeins í fyrra, var í rauninni upphafið með trivialið og það gekk vel því var farið í að skoða þetta. Hentar þetta öllum nemendum? Nei ekki þeim sem eiga erfitt með að skipuleggja sig. En fínt ef maður vinnur þetta jafn og þétt. Þeir hafa lent í tímahraki. Heilt yfir í foreldraviðtölum voru krakkar og foreldrar ánægðir, örfáir sem voru ekki að finna taktinn. Ef lotan er mjög stór er lengri tími. Hafa frjálsara val hvenær þau eru að vinna vinnuna. Góður sveigjanleiki. Strákarnir sögðu frá verkefnum. Ræddu frjáls skil. Hvenær er gaman að koma í skólann? Útivistardag, skemmtileg verkefni, öskudagur þá er bekkurinn saman. Myndu þið vilja hafa meiri áhrif á verkefni í flippinu?, nei þetta er bara fínt. Í síðustu viku var flipp, enskulota, stærðfræði og ísl hefti og skil allt á sama tíma það fannst þeim erfitt en töluðu um að öðrum þætti erfiðara þegar það væru margir skiladagar en það hentaði þeim betur. Fram kom að foreldrar finndu fyrir áhuga á verkefnum og skipulagi en jafnframt að þetta hentaði ekki öllum Dóra þarf skólinn ekki að grípa einstaklinganna sem eiga erfitt með að skipuleggja sig? Matta segir að kenn séu að segja nemendum að þau skulu byrja á þessu og	

taka þetta næst. Ragga ánægð með dagatalið fyrir skráningapésa, kenna þeim að skipuleggja sig. Rætt um google calander.	
2. Kynning á fjárhagsáætlun 7. bekkur kominn með grome book þar til þau útskrifast, 8. bekkur og 9. fá fljótlega. Ekki allir í 9. – 10. að fá nýjar vélar því við ætlum að nýta þær sem eru í finu standi. Fá þær fram á vorið en fylgja þeim upp skólann. Allir hafa vél til afnota á unglingastigi. Kristján rólegur yfir þessum tölvum. Þetta er gott fyrir yngri krakkanna skiptir okkur ekki öllu því við erum búin að læra á hitt. Öruggleg betri umgengni að hafa sína tölvu. Heiðrún spyr hvort þau fari með tölvurnar heim, ekki til að byrja með en það gæti breyst. Þurfum að sjá hvernig þetta fer af stað. Áfram að endurnýja húsgögn, nánast búið í stofum. Núna hugsa um svæði þar sem hægt er að vinna og vinnuumhverfi fyrir starfsfólk. Í fræðslumál 630.000.000 sem er áætlað í Dalvíkurskóla. Búnaður 6.300.000 allt þar undir, m.a. mötuneyti. Húsgögn og tölvur bætist við þessar tölur, 6-7 milljónir. Það var bætt í tölvur og smá viðbót í húsgagnakaupum en hvergi skorið niður.	
3. Virkja fleiri foreldra í foreldrastarfi Hugga: bekkjarkvöld, gera eitthvað með bekknum þetta er eiginlega bara dáið. Ragga: foreldrafulltrúi foreldrar ekki jákvæðir fyrir þessu, börnin eru að njóta þess. Hugga: eru að hittast svo lítið utan skóla, samskipti orðin í gegnum síma. Kennarar gáfust upp að ýta á foreldra því það gerðist ekkert. Dóra kennarar sáu um bekkjarkvöld hér áður fyrr. Eftir þetta fóru yfir á foreldranna þá hægt og bítandi að verða vandamál. Foreldrastarf í kringum einstakling Svo í kringum bekkinn Og svo allur skólinn (fræðslufundir) Erum mest að spá í kringum bekkina. Heimili og skóli með átak að styrkja til foreldrafélag. Ekki einn að gera allt þarf að fá fólk með sér. Spurning á að gefast upp við þessu? Nei þurfum að tala betur saman. Skólagangan sameiginlegt verkefni, allir eiga rödd. Erum að horfa á leiðsagnarnám, vinna með áhugasvið og námstækni, foreldrar þurf að koma þangað inn. Samráðsviðtöl á 1-2 daga þarf að finna nýja lausnir og virkt samtal yfir skólaárið. Þurfum að finna okkar leið í því. Er hægt að koma þessu á kennara? Þarf að vera greitt. Þurfum að hafa þetta greitt. En erum ekki að skipuleggja foreldrasamstarf bara gleði fyrir börnin.	
4. Morgunmatur í grunnskóla Samþykking gerð tilraun 4 vikum ca. Bjóða upp á morgunmat eftir páska. Grautur, brauð og morgunkorn, breytilegt. Við eigum eftir að kynna skipulag. Ca 8:45-9:15. Þetta er að kostnaðarlausu. En reikna með að þetta muni svo kosta í framhaldinu.	

Niðurstöður könnunnar. Yfirgnæfandi sem segir já takk að boðið sé uppá morgunmat með gjaldi næsta haust. Ekki búið að skipuleggja innanhús, helgi kemur með matinn og áhöld og fer með þetta. Hann sér um þetta. Við þurfum að skipuleggja hvenær hver kemur, gæslu. Á ekki að hafa áhrif á kennslu í eldhúsi. Strákarnir myndu vilja fá morgunmat hér.	
5. Upphaf skóladags Niðurstöður könnunar sýnir að flestir foreldrar vilja að skóladagurinn byrji kl. 8:00. Erum með skólaakstur og því er erfitt að allir séu á sama tíma. En þarf ekki nauðsynlega að vera þannig. Atvinnulífið. Fleiri vilja 8 fyrir sérstaklega yngri börn. Fulltrúar nemenda vilja byrja kl. 8 svo það lengist ekki í deginum. Flott að byrja kl. 8. Ef tímasetningin á upphafi þetta tekið upp.	
6. Önnur mál Maturinn í skólanum. Alltaf skálar matur á föstudögum sleppa þessum mat. Margir sem eru ekki að borða eins og skyr. Hafa róteringu á öllum dögum. Almenn óánægja með þetta. Maturinn er góður og almennt ánægðir. Maður er strax svangur eftir þetta. Heitur matur alla daga. Á föstudögum er bara 4 valmögueikar. Dóra ef er samningurinn er bundin 4 heitar máltíðir og þá í miðri viku. Fá að skoða samninginn. Frímínútur. Píluspjöldin, viljum að þau verði leyfð. Ætti að vera einhverjar reglur, ólíklegt að einhver snúi sér við og kasti í einhvern. Fínt að hafa boxpúða við hliðina fyrir þá sem verða reiðir. Skrítið að vera pirraður út af pílu. Skrítið ef maður þarf að koma með sína pílu. Betra að hafa pílu hjá ykkur og einhver þarf að vakta þetta. Friðrik sýnir skjal í vinnslu hvenær hver bekkur er með sitt. Fengum gefins 3 píluspjöld. Ragga ekki hægt að halda þeim fram því ef einhver er reiður. Heiðrún þyrfti að hafa rautt spjald sem væri sterkt ef er ógn þá rautt spjald og ekki í pílu út skólaárið. Kristján hugsa fyrir því að það getur gerst slys og ekki endilega þeim að kenna sem kastaði kannski hinn að fíflast. Til í rauðu spjöldin svo að það sé ekki öllum refsað bara þeim sem gera eitthvað. Hægt að hafa stíft plan til að byrja með en þegar þetta róast þá hægt að sameina bekkir þegar þetta er ekki jafn spennandi. Ragga passa að banna ekki öllum ef einn gerir eitthvað því það stuðlar bara af einelti. Kristján pílunefnd sem myndi hugsa um þetta. Vinna upp í skólaferðalag. Opinn fundur. Eigum eftir að finna efni á hann. Friðrik veltir fyrir sér hvernig opinn fundur það yrði, fræðslu, jafnvel heimili og skóla. Skóli, nám. Hafa þetta strax eftir páska. Þyrfti að skoða með fræðslu fyrir foreldra með fordóma. Búið að taka umræður á unglingastigi, auglýsing hvernig notar þú orðin þín. Friðrik skoðar amnesty fræðslu. Dóra er eitthvað sem ætti erindi að kynna leiðsagnarnám.	

Skólaráð

13.3.2024

Mættir: Friðrik, Ester, Hugga, Heiðrún, Ragga, Matta, Kristján og Óskar

Friðrik fer yfir fundargerð.

Dagskrá

1. Skóladagatal
2. Innlegg frá nemendum
3. Farið yfir niðurstöður úr foreldra og nemendakönnun
4. Opinn fundur skólaráðs
5. Önnur mál.

Skóladagatal rætt. Vilja færa þemadaga. Hafa þemadaga frekar eftir árshátíð, jólaþema, meira íþróttatengt. Þessar hugmyndir komu frá nemendum í 7-10 bekk. Vilji til að hafa samráðsviðtöl mánudag og þriðjudag. Sérstaklega í janúar.

Ekkert sérstakt innleg frá nemendum átti eftir að hafa námsnefndarfund

Farið yfir niðurstöður úr foreldra og nemendakönnun. Námsþáttur hefur verið að lækka s.s. ánægju af lestri. Við erum töluvert frá sambærilegum skólum. Höfum verið á niðurleið frá 2020. Heiðrún komið meira í skjá og farið að hlusta meira. Óskar einbeitning. Lesefni á Íslandi lestrarhestar sækja meira í eldri bekkjum í enskt efni. Kristján aldrei þótt þetta skemmtilegt, hlusta á tónlist en hlusta ekki á bækur. Er eitthvað sem var skemmtilegra en annað sem hvatti ykkur til að lesa, Nei. Strákunum finnst lestramiðarnir ekkert gera neitt fyrir sig. Krakkar spyrja bara foreldra hvort þeir kvitti ekki. Rögggu finnst miðinn aðhald, skal fylltur út 20 sinnum. Strákar áberandi lægri í ánægju af lestri.

Áhugi á stærðfræði líka dalað hjá okkur, áberandi undir síðan 2020. Minni munur milli kynja.

Þetta eru stóru verkefni að vekja áhuga á námi og þar þurfum við að leita til krakkanna.

Trú á eigin námsgetu kemur hvað verst út. Erum að lækka milli ára en að hækka milli mælinga. Við vitum að það er stundum leiðinlegt í skólanum en við verðum að tryggja að við eflum áhugahvöt og leiðsagnarnám svo nemendur verði virkari.

Líðan og heilsa almennt að koma á pari. Einelti er til dæmis undir. Það að líða vel í skóla og vera í góðum bekk er mikilvægt. Aukning á milli mælinga samt. Er breiting að strákar eru á leið upp en stúlkna á niðurleið. Líðan er kynlaus líður öllum einhvernvegin.

Skóla og bekkjarandi. Erum svipuð og landið. Virðist þó vera að þó sé leiðinlegt að læra er gaman í skólanum. Kristján segir að þetta hafi ekki verið svo slæmt alltaf. Er meiri hvati til að vera duglegri að læra Kristjáni finnst það mikilvægt að ná einkunnum upp fyrir framhaldskóla.

Agi í tímum hefur dalað milli mælinga.

Foreldrahlutinn. Friðrik kynnir hann tekur hann betur á síðasta fundi. Sýnir aga þáttinn. Foreldrar stúlkna segja minni agi en foreldrar drengjum. Einelti í skólanum undir hjá nemendum en yfir hjá foreldrum. Virðist hafa aukist.

Foreldrar telja sig hafa góðan aðgang að kennurum.

Óskar og Kristján telja að margir eru ekki að svara þessari könnun heiðalega. Þeir eru búnir að svara í ár og gerðu það. Þeim finnst þessi könnun bara fínt. Mikilvægt að geta lesið úr þessu. Gott að sé meira jákvætt en neikvætt.

Opinn fundur skólaráðs. Hann á að vera næst. Kynning á leiðsagnarmati. Fengjum HA að vera með kynningu kannski segjum við eitthvað frá líka. Ca klst fundur. Hafa 2 eða 3 viku í apríl. Hafa þetta á miðvikudegi. Segja líka frá einhverju sem nemendur koma að. Ákveðið að hafa þetta 17. Apríl. Kl 16:30. Strákarnir þyrftu ekki að mæta en fá námsnemd til að koma með kynningu á t.d. flippi. Námsnefnd hittist ræðir og útfærir.

Önnur mál

Ragga spurði út í námsráðgjöf. Úlfar kemur leggur fyrir áhugasviðskönnun fyrir 10 bekk vinnur út og svo boðið upp á viðtöl. Hefur verið að koma í apríl/maí.

Síðasti fundur verður í vor eftir fund skólaráðs.

29.5.2024

Skólaráð.

Skólaráðsfundur. Var 3 opni fundur skólaráðs. Mjög slök mæting. Var vel auglýstur. Ágætis fundur og fræðsla. Hefði verið gaman fyrir foreldra að heyra þetta. Dóra ef væri ekki ákvæði um að þetta þyrfti þá væri þetta ekki því þetta er kostnaður og skilar litlu.

Friðrik segir frá styrk í sprotasjóð. Raunhæft verkefni í teymiskennslu.

Farið yfir foreldrakönnun og starfsmannakönnun.

Foreldrakönnun almennt kom ágætlega út. Farið í einstaka liði

